

56. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 29. júní 2009 kl. 16:00 að Hamraborg 1.

Dagskrá: 1. Umsögn um drög að handbók um skjalavörslu sveitarfélaga; 2. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Kópavogs; 3. Starfið framundan; 4. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. **Umsögn um drög að handbók um skjalavörslu sveitarfélaga:** (Sjá 4. lið fundargerðar 2. júní sl. þar sem ákveðið var að taka málið upp á næsta fundi.) Niðurstaða héraðsskjalavörðar er að drög að handbók, unnin af nefnd sem þjóðskjalavörður skipaði 27. feb. 2007, séu í mörgum atriðum óskýr og á köflum vanti upp á að fylgt sé mikilvægum atriðum í lögum og reglugerðum. Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs telur umsögn héraðsskjalavörðar Kópavogs vandaða og sannfærandi og hvetur til þess að ekki verði hrapað að reglum um skjalavörslu sveitarfélaga.
2. **Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Kópavogs:** Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs vekur athygli á því að safnið býr við ófullnægjandi húsnæði og er ástæða til að byggja yfir safnið, jafnvel í félagi við aðrar safnastofnanir bæjarins. Vísar stjórn til skýrslu héraðsskjalavörðar Kópavogs til stjórnar Héraðsskjalasafns um húsnæðismál stofnunarinnar 24. maí 2007 (fsk. við fundargerð 44. fundar HK 21. 6. 2007).
3. Starfið framundan: Þeir tveir starfsmenn, sem hófu störf í upphafi júnímánaðar á grundvelli aðgerða gegn atvinnuleysi, hafa reynst vel og hafa skráð ýmsa málaflokka. Má þar nefna bókhaldsfylgiskjöl og erfðaleigusamninga en þeir mega með réttu kallast landnámaþing Kópavogs. Það er álit héraðsskjalavörðar og stjórnar HK að stofnunin gæti með góðu móti notað fleiri starfsmenn á vegum þessa verkefnis.  
Héraðsskjalavörður skýrði frá því að hann væri byrjaður að leggja drög að ársriti 2008-09 og lagði fram áætlun að ritinu á blaði.
4. Önnur mál: Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.30.

Fundarritari Bjarni Ólafsson